



# ORF Líftækni hf.

---

Eftirlitsskýrsla vegna tilraunareits í Gunnarsholti  
ágúst 2009

**Hjalti J. Guðmundsson og Ásgeir Björnsson**

**21. ágúst 2009**

## Tilraunareitur erfðabreyttts byggs við Gunnarsholt

Fyrirtæki	ORF Liftækni hf	Starfsemi	Erfðabreyttar lífverur
Kennitala	<b>420201-3540</b>	Ísat nr.	
Heimilisfang	<b>RALAhúsið Keldnaholti 112 Reykjavík</b>	Umfang	<b>Ræktun á erfðabreyttu byggi</b>
Dagsetning	<b>20. ágúst 2009</b>	Tegund eftirlits	<b>Reglubundið</b>
Fulltrúi Umhverfisstofnunar	<b>Hjalti J. Guðmundsson Ásgeir Björnsson</b>	Starfsleyfi rennur út	<b>2013</b>
Fulltrúi fyrirtækis	<b>Einar Mäntylä</b>	Hnit	

### **Viðstaddir.**

Hjalti J. Guðmundsson, Ásgeir Björnsson og Kristinn Már Ársælsson frá Umhverfisstofnun, Reynir Þorsteinsson frá Landgræðslu ríkisins, tengiliður ORF liftækni við verkefnið í Gunnarsholti

### **Umfang starfseminnar.**

Þann 20 ágúst 2009 fóru eftirlitsaðilar Umhverfisstofnunar í Gunnarsholt til eftirlits á ræktunarreit ORF Líftækni hf. á erfðabreyttu byggi. Til aðstoðar var Reynir Þorsteinsson, starfsmaður Landgræðslu ríkisins og tengiliður ORF Liftækni hf. vegna ræktunar í Gunnarsholti. Skoðað var hvort ræktunarsvæðið væri í samræmi við útgefið starfsleyfi. Þeir þættir sem skoðaðir voru var hvort ræktunarsvæðið væri afmarkað með rafgirðingu og hvort varðbelti með höfrum væri til staðar. Einnig var skoðað hvort til staðar væri strengdar línur eða net til að fæla frá hugsanlegar fuglakomur. Að lokum var ræktunarsvæðið og umgjörð þess mæld.

Ræktunarsvæðið er um það bil  $18500\text{ m}^2$  og afgirt með fjögurra strengja rafgirðingu með virkum rafstraum. Á miðju svæðinu er ferkantað ræktunarsvæði með 3-7 m breiðu hafrabelti og fyrir innan það um það bil  $80\text{ m}^2$  svæði með erfðarbreyttu byggi. Fyrir utan hafrabeltið er 20 m breitt plægt, óræktað svæði. Þar tekur við óplægt grassvæði, mest snarrótarpuntur, að rafmagnsgirðingu. Samkvæmt vettvangsskoðun Reynolds Þorsteinssonar á föstudagi, 14. ágúst síðastliðinn var tilraunardeiturinn í góðu ástandi.

### **Skráningar; skýrslur, handbækur og áætlanir.**

Samkvæmt starfsleyfi á að liggja fyrir tilkynning þegar ræktun hefst og verklagsreglur um ræktunina ásamt flutningum, fræverkun og eyðingu hliðarafurða. Tilkynnt var þegar ræktun hófst þann 23. júní sl. Einnig voru framlagðar verklagsreglur um hvernig staðið væri að ræktuninni, sem Umhverfisstofnun gerði ekki athugasemdir við. Í ljósi þess að búið var að eyðileggja byggræktina þegar eftirlitsaðilar komu á svæðið var farið fram á áætlun frá ORF Líftækni með bréfi dagsettu 20. ágúst sl. um framkvæmd förgunar lífræns úrgangs. Áætlunin barst Umhverfisstofnun 21. ágúst og gerði stofnunin ekki athugasemdir við hana. Í framhaldi af þessu fyrsta ári tilraunarnar verða gerðar frekari áætlanir um flutning, fræverkun og eyðingu hliðarafurða eins og fram kemur í starfsleyfi.

### **Önnur mál.**

Þegar eftirlitsaðilar komu að svæðinu var búið að eyðileggja byggræktarreitinn. Tætlur af varnarneti lágu á víð og dreif um tilraunareitinn, og líklegt að netið hafði verið rifið til að komast að og eyðileggja byggræktina. Byggið virðist mest hafa verið höggið niður og slitið

upp og lágu plöntuhlutar eftir. Byggið var komið að skriðstigi í þroska, þar sem frjóvgun á sér stað og síðan kornmyndun.

**Niðurstaða.**

Samkvæmt skoðun eftirlitsaðila er ljóst að tilraunareiturinn hefur verið eyðilagður. Gerð var athugasemd um að svæðið verði hreinsað eins fljótt og auðið er, og lífrænum úrgangi byggræktarinnar fargað í samræmi við áætlun ORF líftækni hf. Umhverfisstofnun hefur borist ábending um að varnarnet hafi ekki þakið að fullu tilraunareitinn með erfðabreytta bygginu. Umhverfisstofnun fer fram á frekari lýsingu á hvernig fyrirkomulagi varðandi varnarnet var háttáð, og jafnframt frekari lýsingu á notkun varnarnets eða lína á mismunandi vaxtartíma hins erfðabreytta byggs. Óskað er eftir að svar berist stofnuninni eigi síðar en 26. ágúst 2009.

Reykjavík, 21. ágúst 2009

Hjalti J Guðmundsson

Ásgeir Björnsson